

Dómsorð:

Ákærði, Eiríkur Stefánsson, sæti varðhaldi í 60 daga.
 Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.
 Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Miðvikudaginn 1. desember 1982.

Nr. 170/1982. **Pétur Einarsson**
 gegn
Póstgíróstofunni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pétur Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 2. desember 1982.

Nr. 12/1981. **Pétur Friðrik Sigurðsson**
 (Jón E. Ragnarsson hrl.)
 gegn
Guðmundi Axelssyni
 (Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Synjað um innsetningargerð. Málverk.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1981. Krefst áfrýjandi þess, að hin umbeðna fógétagerð náí fram að ganga og að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn um lögreglurannsókn og vitnamál á bæjarþingi Reykjavíkur, sem fram fóru, eftir að hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp.

Þó að þess sé ekki sérstaklega getið í gerðarbeiðni áfrýjanda eða greinargerð fyrir Hæstarétti, hlýtur beiðni hans um beina fógétagerð að styðjast við almenna réttarfarsreglu, sem m. a. hefur stoð í N. L. VI-14-6, að maður megi beita fógétaaðgerð, er hann þarf nauðsynlega að ná umráðum eða handhöfn með skjótum hætti, ef það liggur fyrir, að hann eigi augljósan rétt og aðför mætti gera samkvæmt 12. gr. og aðalefni 13. gr. laga nr. 19/1887 um aðför, hefði hann farið þá leið að afla sér dóms um skyldu gagnaðilja.

Í máli þessu deila eigandi listaverks og höfundur þess um það, hvort listaverkinu hafi verið breytt þannig, að með því hafi verið gengið á rétt höfundar samkvæmt 2. mgr. 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Skilyrðum framangreindrar réttarfarsreglu um ótvíræðan rétt gerðarbeiðanda er ekki fullnægt í máli þessu, enda önnur réttafarsúrræði tiltæk.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógétaréttar Reykjavíkur 1. desember 1980.

Gerðarbeiðandi hefur gert þær kröfur skv. rskj. nr. 1, að framkvæmd verði innsetning í málverk eftir gerðarbeiðanda, nefnt „Landslag“, olíumálverk, ca 100x130 cm, málað af honum í Grafningi 1944 eða 1945. Við munnlegan málflutning gerði lögmaður gerðarbeiðanda orðalagsbreytingu á þessari kröfugerð.

Krefst hann þess, að gerðarbeiðanda verði afhent málverkið til þess að eyðileggja það undir eftirliti fógeta, en til vara, að fógeti framkvæmi innsetningu í téð málverk og eyðileggi það. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi gerðarþola að mati dómsins.

Gerðarþoli, Guðmundur Axelsson, gerir þær dómkröfur, að synjað verði um innsetningu, auk þess krefst hann málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 25. nóvember sl.

Málavextir.

Á rskj. nr. 1 skýrir gerðarbeiðandi svo frá málavöxtum:

„Einhver aðili mun hafa átt málverk þetta og síðan í haust falið málverkið Guðmundi Axelssyni, listaverkasala, í Klausturhólum, Laugavegi, Reykjavík. Málverk þetta mun hafa verið í bruna, og höfðu komið á málverkið litlar bólur af hita, sem sprungu við snertingu. Málverkinu var ráðstafað til „viðgerðar“ hjá Benedikt Gunnarssyni, listmálara. Benedikt „gerði við“ málverkið þannig, að málað hefur verið í málverkið, í sumum tilvikum með öðrum litum, og hefur Benedikt þannig málað málverkið upp og afskræmt listaverk umbj. míns með þeim hætti, að ekki er um sama verk að ræða. Þetta er allt gert án leyfis. Málverkið, svo breytt, var síðan á söluskrá uppboðs Klausturhóla 25. sept. sl., og sá umbj. minn málverkið þar. Hann mótmælti því, að verk þetta yrði selt svo breytt, og var verkið tekið af uppboðsskrá.

Lögmaður Péturs hafði símasamband við Guðmund í Klausturhólum, sem kvaðst sjálfur eiga verkið og myndi eyðileggja það. Hann neitaði því, að lögmaður fengi að sjá verkið eða að hann fengi einhverja sönnun fyrir eyðileggingu þess. Í framhaldi af því ritaði lögmaðurinn Guðmundi bréf, dags. 9. 10. 1980, þar sem sömu kröfur voru gerðar og í símtalinu. Því bréfi var eigi svarað.“

Í greinargerð sinni á rskj. nr. 6 skýrir lögmaður gerðarþola svo frá málavöxtum:

„Málavextir eru í stuttu máli þeir, að umbjóðandi minn tók á s.l. sumri í umboðssölu olíumálverkið „Landslag“ eftir gerðarbeiðanda. Málverkið var illa farið, bæði flagnað og bólótt, þar sem það hafði lent í hita. Umbjóðandi minn tók að sér að hafa milligöngu um að fá gert við málverkið. Hann talaði við gerðar-

beiðanda, sem skoðaði málverkið og lofaði að gera við það og kvað það ekki myndu kosta mikið. Síðan liðu nokkrir mánuðir, og talaði umbj. minn hvað eftir annað við gerðarbeiðanda, sem jafnoft lofaði að gera við, en stóð aldrei við það. Þáverandi eigandi málverksins talaði að lokum sjálfur við gerðarbeiðanda, en hann hafði þá skyndilega snúið við blaðinu og kvaðst ekkert vilja nærri viðgerðinni koma.

Þann 25. september 1980 átti að fara fram málverkaupþboð á vegum Klausturhóla, einkafyrirtækis umbjóðanda míns. Vegna dráttar og síðan neitunar gerðarbeiðanda á að gera við málverkið og vegna óska eiganda um, að gert yrði við það og það selt á þessu uppbóði, var brugðið á það ráð að leita til Benedikts Gunnarssonar, listmálara og teiknikennara, um viðgerð á málverkinu. Hann gerði við málverkið og notaði við það sömu liti og það hafði upphaflega verið málað með. Hann gerði engar breytingar hvorki á myndbyggingu né litum frá því sem upphaflega var. Málverkið var síðan sett á uppbóðsskrá nefnds uppbóðs. Þegar gerðarbeiðandi sá málverkið eftir viðgerð, mótmælti hann og kvað verkinu hafa verið breytt. Ákvað umbjóðandi minn þá til þess að afstýra leiðindum að fjarlægja verkið af uppbóðinu. Til þess að frýja eiganda tjóni keypti hann málverkið síðan af honum og er nú lögmætur eigandi þess. Hann hefur neitað að afhenda málverkið eða eyðileggja það.“

Málsástæður og lagarök.

Lögmæður gerðarbeiðanda hefur bæði á rskj. nr. 1 svo og við munnlegan málflutning bent á 2. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1972 (höfundalög), en þar sé sagt óheimilt að breyta verki höfundar o. s. frv. Samkvæmt 54. gr. laganna, 2. tl., varði brot á 2. mgr. 4. gr. sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

Í greinargerð með lögunum segi um 2. mgr. 4. gr., að breyting á listaverki megí ekki vera til þess fallin að skerða höfundar-einkenni um form og efni og gildi einu, hvort breytingin sé almennt talin vansæmandi (brot á „droit moral“) fyrir listamanninn og höfundarréttarhafa. Þá hefur hann haldið því fram, að hér sé ekki um lagfæringu eða viðgerð á nefndu málverki að ræða, heldur breytingu, sem heyri undir 4. gr. nefndra laga.

Samkvæmt þessu og synjun eiganda og/eða vörslumanns málverksins sé talin nauðsyn á því að fá innsetningu í verkið til þess að afstýra ráðstöfun þess eða sýningu og til þess í framhaldi af því að fá verkið afhent til eyðileggingar.

Lögmaður gerðarþola segir í greinargerð sinni, að ekkert banni eigendum listaverka að láta gera við þau, ef þörf krefji. Sé mikið um viðgerðir málverka bæði á yngri og eldri málverkum hérlandis sem erlendis. Ekki verði séð, að neitt leyfi viðkomandi listamanna þurfi til viðgerða. Það sé allt önnur saga, að óhemilt sé að breyta verki höfundar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga 73/1972. Í þessu máli hafi engar sönnur verið færðar á því, að nefndu málverki hafi verið breytt, og sé því harðlega mótmælt, að svo hafi verið. Eigi úrlausn þessa atriðis ekki undir fógetarétt og sé því mótmælt kröfu gerðarbeiðanda um vettvangsgöngu, vitnayfirheyrslur, matsgerðir og sérfróða meðdómsmenn, þar sem það heyri til efnisúrlausnar, sem fógetarétti séu óviðkomandi. Og jafnvel þótt málverkinu hafi verið breytt, sem alls ekki sé, þá skorti með öllu lagaheimild til þess, að gerðarbeiðandi geti fengið sig settan inn í lögmæta eign gerðarþola með beinni fógetagerð.

Beinar fógetagerðir séu heimilaðar taldar innan þröngra marka og að uppfylltum tilteknum skilyrðum, en um slíkt sé ekki að ræða í þessu tilviki. Höfundalögin nr. 73/1972 geymi engin ákvæði um heimild höfundar, sem telur verki sínu hafa verið breytt, til að fá sig settan inn í það til að afstýra ráðstöfun þess eða sýningu eða til að fá það afhent til eyðileggingar. Verði hann að leita hugsanlegra leiða eftir öðrum leiðum. Sýnist því augljóst, að skilyrði skorti fyrir innsetningu gerðarbeiðanda í nefnt málverk í eigu gerðarþola.

Krafa um málskostnað sé byggð á því, að gerðarþoli eigi ekki að bera kostnað af svo þarflausri málssókn, sbr. meginreglu 177. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Niðurstaða.

Ekki hefur annað komið fram í máli þessu en að umrætt málverk sé nú eign gerðarþola. Ekki verður talið, að lög nr. 73/1972, einkum 2. mgr. 4. gr., sbr. 54. gr., 2. tl., eða aðrar ástæður leiði til þess, að gerðarbeiðandi geti með beinni fógetagerð fengið afhent þessa eign gerðarþola.

Verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Rétt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 100.000.

Þorkell Gíslason borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin gerð fer ekki fram.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 100.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. desember 1982.

**Nr. 86/1980. Þórhallur Þorsteinsson og
Broddi Bjarnason**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Þór Kröyer
(Gestur Jónsson hrl.).

Verksamningur. Vextir. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 9. júní 1980 og gera þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum stefnda. Einnig krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að vextir verði dæmdir 35% ársvextir frá 1. júní 1980 til 1. júní 1981, 34% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en 42% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hafa áfrýjendur fallið frá frávísunarkröfu og bera ekki fyrir sig, að málið heyri undir gerðardóm.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að krafa stefnda sé ekki fyrnd. Málið var þingfest á bæjarþingi 13. mars